



6. fundur stjórnar SSA 13. febrúar 2018

Mættir voru stjórnarmennirnir: Stefán Grímur Rafnsson, Sigrún Blöndal, Margrét Guðjónsdóttir, Jens Garðar Helgason, Andrés Skúlason, Eydís Ásbjörnsdóttir og Hákon Hansson.

Boðuðum fundi með þingmönnum Norðausturkjördæmis, sem halda átti í Mývatnssveit ásamt stjórn Eyþings, var frestað vegna veðurs. Stjórn SSA ákvað að funda símleiðis kl. 11.00.

Sigrún Blöndal formaður stýrði fundi.
Gengið var til eftirfarandi dagskrár.

1. Fundargerðir, erindi og ályktanir.

- 1.1. Fundargerð frá 5. fundi stjórnar SSA 2017-2018 lögð fram til staðfestingar.
- 1.2. Fundargerðir stjórnar Eyþings (nr. 302), SASS (nr. 727 og 728), FV (18. jan.),
- 1.3. Fundargerð 856. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 26. jan. 2018.
- 1.4. Fundargerð 42. Stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál.

2. Almenningsamgöngur

- 2.1. Matsgerð Sterna.

3. Innri málefni SSA

- 3.1. LSR - krafa.
- 3.2. Lífeyrissjóður Brú
- 3.3. Húsnæðisáætlun. Staða verkefnisins.
- 3.4. Millipínganefnd og laun.
- 3.5. Viðbótarframlög til menningarmiðstöðva.
- 3.6. Íbúáþing á Borgarfirði – verkefnið brothættar byggðir.
- 3.7. Áhersluverkefni

4. Önnur mál.

Fundur var settur kl. 11.00

1. Fundargerðir, erindi og ályktanir.

- 1.2. Fundargerð frá 5. fundi stjórnar SSA 2017-2018 lögð fram til staðfestingar.
- 1.3. Fundargerðir stjórnar Eyþings (nr. 302), SASS (nr. 727 og 728), FV (18. jan.) lagðar fram til kynningar.
- 1.4. Fundargerð 856. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 26. jan. 2018 lögð fram til kynningar. Stjórn SSA tekur undir bókun skólamálanefndar sambandsins sem birt er í 4. lið varðandi áskorun til forsvarsmanna Háskóla Íslands að huga að inntaki og áherslum í kennaranámi.

1.5. Fundargerð 42. fundar Stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál lögð fram til kynningar.

2. Almenningsamgöngur

2.1. Matsgerð Sterna. Sigrún Blöndal kynnti matsgerðina. Samþykkt að formaður og lögfræðingur SSA fari og kynni matsgerðina í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu.

3. Innri málefni SSA

- 3.1. LSR - krafa. Formaður segir frá kröfu LSR á sveitarfélög á Austurlandi. Formanni og verkefnastjóra falið að koma málinu í farveg.
- 3.2. Lífeyrissjóður Brú . SSA hefur gengið frá greiðslu og skrifað undir samkomulag. Verkefnastjóri kynnti bréf frá Karli Björnssyni sem sent var framkvæmdastjórum sveitarfélaga og landshlutasamtaka.
- 3.3. Húsnæðisáætlun. Staða verkefnisins. Formaður sagði frá stöðu mála. Send verður beiðni um að formaður nefndar um húsnæðisáætlun sendi stjórn SSA minnisblað fyrir næsta fund.
- 3.4. Millipínganefnd og laun. Samþykkt að nefndin fái sömu laun og samgöngunefnd og akstur greiddan.
- 3.5. Viðbótarframlög til menningarmiðstöðva. Lagt fram til kynningar.
- 3.6. Íbúáþing á Borgarfirði – verkefnið brothættar byggðir. Verkefnastjóri og formaður sögðu frá þinginu sem haldið var um helgina. Þingið var vel heppnað og verkefnið fer vel af stað.
- 3.7. Áhersluverkefni. Rætt um áhersluverkefni og hugmyndir að verkefnum fyrir næsta ár. Ákveðið að fela verkefnastjóra að setja upp skema yfir áhersluverkefni og fá forsvarsmenn verkefna, sem eru starfsmenn Austurbrúar, til að kynna stöðu þeirra á næsta fundi.

4. Önnur mál.

- 4.1. Formaður sagði frá að Starfsháttanefnd hefur óskað eftir tilnefningum frá stjórn SSA um stjórnarmenn í stjórn Austurbrúar. Hún mun ræða við formann stjórnar Austurbrúar um fyrirkomulagið á tilnefningunni.
- 4.2. Kalla þarf eftir fundargerðum stjórnar Austurbrúar.
- 4.3. Kjördæmavika og fyrirkomulag hennar rætt. Formanni falið að senda þingmönnum skeyti þar að lútandi.
- 4.4. Formaður segir frá því að drög að áætlun um uppbyggingu innviða (landsáætlun) sem lögð hefur verið fram til umsagnar. Formaður mun fara yfir tillöguna og vinna umsögn ef ástæða þykir til.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:15.

Eyðís Ásbjörnsdóttir

Andrés Skúlason

Hákon Hansson

Jens Garðar Helgason



Margrét Guðjónsdóttir

Sigrún Blöndal

Stefán Grímur Rafnsson